

Föstudaginn 6. mars 1987.

Nr. 29/1986. **Gústaf R. Oddsson og
Brunabótafélag Íslands**

(Gunnar Sólves hrl.)

gegn

Lúðvík Jóhannssyni

(Stefán Pálsson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. febrúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 23. janúar 1986. Þeir krefjast þess að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til þess að greiða þeim málskostnað í hérað og fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist að áfrýjendur verði einungis dæmdir til þess að greiða $\frac{1}{3}$ hluta af tjóni stefnda, og verði málskostnaður þá felldur niður í héraði en tildæmdur í Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Uppdráttur af vettvangi sýnir það að ökumaður K-2348 hefur tekið of krappa beygju til vinstri inn á Gránufélagsgötu og að áreksturinn varð á syðri helmingi Gránufélagsgötu, þ.e.á hægri vegarhelmingi miðað við akstursstefnu A-1009. Ökumanni þeirrar bifreiðar, áfrýjanda Gústafi, bar að vísu að víkja fyrir umferð sem kom frá hægri, en á það verður að líta að hann var eigi kominn að gatnamótunum er áreksturinn varð. Ökumaður K-2348 tók beygjuna andstætt reglum 3. mgr. 46. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og átti hann því megin sök á árekstrinum. Af uppdrætti má ráða að A-1009 hafi runnið í hemlum um 7 metra og þykir ökumaður hennar þannig eigi hafa ekið nógu gætilega miðað við aðstæður, en hálsa var á götunni og dimmt af nóttu. Verður hann því að bera nokkurn hluta tjónsins. Samkvæmt 68. gr. umferðarlaga þykir rétt að skipta tjóni þannig að stefndi beri sjálfur $\frac{2}{3}$ hluta þess, en áfrýj-

endur $\frac{1}{3}$ hluta. Verða þeir því dæmdir til þess að greiða stefnda 30.938,33 krónur, en dómkröfu stefnda hefur eigi verið mótmælt tölulega.

Stefndi hefur krafist dómvaxta af kröfu sinni frá 1. maí 1985. Enda þótt körfunni hafi eigi verið mótmælt þykir krafan ekki verða tekin til greina að því er varðar upphafstíma, en samkvæmt 1. gr. laga nr. 56/1979 verða dómvextir eigi dæmdir nema fyrir tímabilið frá birtingardegi stefnu til greiðsludags. Héraðsstefna í máli þessu var birt 5. júní 1985 og verður upphafstími vaxta miðaður við þann dag.

Rétt þykir að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Gústaf R. Oddsson og Brunabótafélag Íslands, greiði stefnda, Lúðvík Jóhannssyni, in solidum 30.938,33 krónur ásamt dómvöxtum frá 5. júní 1985 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 15. október 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, hefur Lúðvík Jóhannsson, nnr. 6187-7444, sjómaður, Furulundi 6i, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 5. júní sl., á hendur Gústaf R. Oddssyni, bifreiðastjóra, nnr. 3475-4536, Espilundi 9, Akureyri, og Brunabótafélagi Íslands, nnr. 1486-8968, Laugavegi 103, Reykjavík.

Krefst stefnandi þess að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða honum kr. 92.815,00 ásamt hæstu dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56, 1979, af kr. 82.947,00 frá 01.05. 1985 til 01.06. s.á., en af allri fjárhæðinni kr. 92.815,00 frá þ.d. til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins. Til vara krefjast stefndu þess, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða stefnanda $\frac{1}{3}$ hluta tjóns hans og málskostnaður verði felldur niður.

Stefnandi kveður málsatvik þau að aðfaranótt mánudagsins 18. mars 1985 hafi bifreið hans K-2348, einkabifreið af BMW gerð, verið ekið norður Geislagötu á Akureyri. Myrkur hafi verið en gatan vel upplýst, mikil hálka hafi verið og hafi bifreiðinni því verið ekið mjög hægt. Er bifreiðin hafi

verið komin að gatnamótum Gránufélagsgötu hafi hún beygt þar vestur, en í sömu andrá hafi borið að bifreið stefnda, A-1009, sem komið hafi vestan þá götu og runnið stjórnlaust í hálkunni inn í hlið K-2348. Almennur umferðarréttur gildir á horni Geislagötu og Gránufélagsgötu og beri því umferð, sem kemur vestan Gránufélagsgötu, að víkja fyrir þeirri umferð sem kemur sunnan Geislagötu. Þess sé og að gæta að Geislagata að Gránufélagsgötu sé einstefnuakstursgata í norður. Ökumaður bifreiðar stefnanda, Bríet Birgisdóttir, telji að bifreið stefnda A-1009 hafi verið á allmiklum hraða, enda hafi skemmdir orðið þær að bifreiðin K-2348 hafi skemmst mikið á vinstri hurð og hlið og á bifreið stefnda hafi framendi skemmst talsvert. Eftir áreksturinn hafi ökumaður K-2348 fært bifreiðina nokkra metra áfram, en ökumaður A-1009 hafi fært bifreið sína lítilla afturábak. Skráður eigandi A-1009, Gústaf R. Oddsson, stefndi í máli þessu, hafi jafnframt verið ökumaður bifreiðarinnar í umrætt sinn. Bifreiðin sé tryggð lögboðinni skyldutryggingu hjá hinu stefnda váttryggingarfélagi.

Kostnaður við viðgerð á bifreiðinni K-2348 sé samkvæmt tveimur reikningum kr. 82.947,00 dagsettum 22.04. 1985 og kr. 9.868,00 dagsettum 20.05. 1985, eða samtals kr. 92.815,00. Er leitað hafi verið eftir bótum vegna tjónsins hafi stefndi Gústaf vísað á hið meðstefnda váttryggingarfélag, sem hafi synjað með öllu fyrir bótaábyrgð. Sé málsókn óhjákvæmileg til heimtu bóta vegna tjónsins.

Kveðst stefnandi reisa kröfur sínar í málinu á því að bifreiðarstjóri A-1009 hafi valdið tjóninu með gálauslegum akstri er hann hafi ekið alltof hratt miðað við aðstæður í myrkri og hálfu með fyrrgreindum afleiðingum. Bifreið stefnanda hafi verið ekið eftir vinstri vegarhelmingi einstefnuakstursgötu þar sem taka átti beygju til vinstri. Ökumaður bifreiðar stefnanda hafi sýnt ýrtruðu varkárni og ekið mjög hægt, en hafi ekki fengið forðast það að stefndi æki á hana. Skírskotar stefnandi um bótaábyrgð og aðild stefndu til 68. gr. umferðarlaga sbr. 1. mgr. 69. gr. sömu laga að því er varðar eiganda A-1009, en til 74. gr. 2. mgr. og 70. gr. 1. og 3. mgr. sömu laga að því er varðar váttryggingarfélagið.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því að stefnandi eigi sjálfur alla sök á umdeildum árekstri, sbr. 3. mgr. 46. gr. umferðarlaga, en þar segir að þegar beygt sé til vinstri skuli ökutæki, þegar það er komið yfir gatnamót, vera hægra megin á akbraut þeirri, sem ekið er inn á. Stefnandi eigi umferðarrétt á gatnamótunum. Hins vegar hafi sá umferðarréttur ekki tekið gildi á þeim stað og þeirri stundu sem áreksturinn varð. Stefnandi hafi ekið inn á Gránufélagsgötuna í svo krappri vinstri beygju, að biðskylda hafi ekki orðið virk þegar árekstur varð. Ökumanni A-1009 hafi lögum samkvæmt verið heimilt að aka a.m.k. tveimur metrum framur áður en honum bar skylda til að nema staðar. Hann hafi verið á sínum rétta vegarhelmingi og af þeim sökum sé eðlilegt að leggja alla sök á ökumann bifreiðarinnar K-2348.

Varakröfu sína reisa stefndu á því að ef dómur skyldi komast að þeirri niðurstöðu að stefndi Gústaf R. Oddsson ætti einhverja sök á árekstrinum, þá sé sök ökumanns bifreiðarinnar K-2348 meiri og verði hann að bera tjón sitt að mestu leyti sjálfur, sbr. sakarskiptingarreglu 68. gr. umferðarlaga.

Í málinu eru lagðar fram lögregluskýrslur varðandi umræddan árekstur svo og uppdráttur af vettvangi. Þá hefur ökumaður K-2348, Briet Birgisdóttir, borið vitni hér fyrir dóminum.

Af gögnum málsins er ljóst að ökumaður A-1009, stefndi Gústaf R. Oddsson, sýndi ekki þá aðgæslu við aksturinn er nauðsynleg var miðað við aðstæður og hafði ekki vald á að stöðva bifreið sína áður en komið var að gatnamótum Geislagötu. Þykir hann því eiga sök á árekstri þessum og ber samkvæmt því að leggja bótaábyrgð á stefndu.

Stefndu byggja kröfu sína um sakarskiptingu á því, að ökumaður K-2348 hafi tekið of krappa beygju inn á Gránufélagsgötu. Af gögnum málsins verður eigi ráðið að svo hafi verið. Þá er eigi fram komið að akstursmáti ökumanns K-2348 hafi að öðru leyti verið óeðlilegur er hann ók inn á umrædd gatnamót, þannig að umræddur árekstur verði rakinn til óaðgæslu hans. Verður því eigi fallist á að skipta sök í máli þessu og ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda tjón hans óskipt.

Kröfur stefnanda, þar á meðal vaxtakrafa hans, hafa eigi sætt tölulegum andmælum af hálfu stefndu og verða þær teknar til greina að fullu.

Þá hefur stefnandi lagt fram í málinu málskostnaðarreikning að fjárhæð kr. 30.679,00. Hefur reikningur þessi eigi sætt andmælum af hálfu stefndu og ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað í samræmi við hann, þ.e. kr. 30.679,00.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Gústaf R. Oddsson og Brunabótafélag Íslands hf., greiði stefnanda, Lúðvík Jóhannssyni, in solidum kr. 92.815,00 ásamt dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 af kr. 82.947,00 frá 1. maí 1985 til 1. júní s.á., en af kr. 92.815,00 frá þ.d. til greiðsludags og kr. 30.679,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.